

5. Vítamín og steinefni.

- 5.1 Í hverjum dagskammti skal megrunarfæði I að minnsta kosti innihalda það magn vítamína og steinefna sem fram kemur sem viðmiðunargildi í töflunni hér að neðan.
- 5.2. Fyrir hverja máltíð skal megrunarfæði II að minnsta kosti innihalda 30% af því magni vítamína og steinefna sem fram kemur sem viðmiðunargildi í töflunni hér að neðan, nema magn kalíums sem skal að minnsta kosti vera 500 mg.

Tafla: Viðmiðunargildi og RDS-gildi* vítamína og steinefna.

Næringarefni		Viðmiðunargildi	RDS-gildi
A-vítamín	(µg-RJ)	700	800
D-vítamín	(µg)	5	5
E-vítamín	(mg-TJ)	10	10
C-vítamín	(mg)	45	60
fiámín	(mg)	1,1	1,4
Ríbóflavín	(mg)	1,6	1,6
Níásín	(mg-NJ)	18	18
B ₆ -vítamín	(mg)	1,5	2
Fólasín	(µg)	200	200
B ₁₂ -vítamín	(µg)	1,4	1
Bíótín	(µg)	15	15
Pantóþensýra	(mg)	3	6
Kalsíum	(mg)	700	800
Fosfór	(mg)	550	800
Kalíum	(mg)	3100	
Járn	(mg)	16	14
Sínk	(mg)	9,5	15
Kopar	(mg)	1,1	
Joð	(µg)	130	150
Selen	(µg)	55	
Natríum	(mg)	575	
Magnesíum	(mg)	150	300
Mangan	(mg)	1	

(*) RDS-gildi sem hér koma fram eru viðmiðunargildi til notkunar við umbúðamerkingar og geta sem slík verið frábrugðin ráðlögðum dagskömmtum gefnum út af Manneldisráði Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bóta-skyldra slysa sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómanna-laga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 32. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. nóvember 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða og hlunninda, sbr. þó staflíði b, c, d og e hér á eftir, hækki um 5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,05.
- Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Grundarfirði og á Hvolsvelli hækki um 15% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,15.